



**23.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í ráðhúsi Árborgar, 20.október 2020, kl.08:00.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson og Kristín Magnúsdóttir. Halldóra Hjörleifsdóttir, varamaður Árna Eiríkssonar, var einnig á fundinum í gegnum TEAMS. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir.**

**1. Fjárhagsáætlanir 2021.**

**# Listasafn Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn safnsins. Samþykkt að leggja hana fram óbreytta fyrir haustfund HÁ.**

**# Bygðasafn Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn safnsins. Ingibjörgu falið að kalla eftir frekari upplýsingum vegna launaáætlunar næsta árs og afborgun lána. Afgreiðsla frestað.**

**# Brunavarnir Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn BÁ. Ingibjörgu falið að kalla eftir frekari upplýsingum vegna launaáætlunar næsta árs og kostnaðar vegna töku lána. Afgreiðsla frestað.**

**# Héraðsskjalasafn Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn safnsins. Samþykkt að leggja hana fram óbreytta fyrir haustfund HÁ.**

**# Tónlistarskóli Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn safnsins. Samþykkt að leggja hana fram óbreytta fyrir haustfund HÁ.**

**# Almannavarnir Árneseinga. Áætlun ársins 2021, lögð fram frá stjórn safnsins. Umræða varð um framhald á þátttöku í launagreiðslum starfsmanns lögreglunnar. Ákveðið að taka þá umræðu uppá haustfundi HÁ. Áætlun samþykkt að öðru leiti.**

**# Héraðsnefnd Árneseinga. Áætlun ársins 2021. Lögð fram frá fjárhaldsmanni stjórnarinnar. Áætlunin samþykkt að öðru leiti en þeim breytingum sem hún gæti tekið vegna frekari upplýsinga sem kallað hefur verið eftir frá stofnunum HÁ.**

2. Húsnæðismál Héraðsskjalsafns Árnesinga. Farið yfir stöðu mála og næstu skref. Samþykkt að leggja fram þrjá valkosti fyrir haustfund HÁ. Frekari útfærsla bíður næsta fundar.
3. Sýslumannstún. Verið er að skoða eignarhald á sýslumannstúni á Selfossi, en svo virðist sem frágangi pappírsmála og þinglýsingar hafi ekki verið kláraður á sínum tíma. Helgi er að skoða málið og heldur því áfram.

Fundi slitið kl. 09.55.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.